

**I Rekstraraðili**

Nafn rekstraraðila	Kennitala rekstraraðila	VSK-númer
Heimili	Póstnúmer og pósthöð	Pósthólfsnúmer og póstnúmer
Sveitarfélag	Starfsemi	Atvinnugrein

**II Skipting veltu (sala rekstrarfjármuna ekki meðtalin)**

Heildarvelta samtals án virðisaukaskatts (sala rekstrarfjármuna ekki meðtalin)		<b>A</b>
Sala vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi án virðisaukaskatts (sala rekstrarfjármuna ekki meðtalin)		<b>B</b>
Hlutfall skattskyldrar starfsemi af heildarveltu (B/A)	2021	2022 (Hlutfall B/A) <b>C</b>

**III Skipting innskatts, annars en vegna byggingarframkvæmda**

Innkaup ársins eingöngu vegna skattskyldrar starfsemi (án byggingarframkvæmda)	Heildarfjárhæð án VSK <b>D</b>	Innskattur <b>E</b>
--	--------------------------------	---------------------

Innkaup ársins vegna sameiginlegra nota (án byggingarframkvæmda)	Innkaup ársins í 24% þrepi án VSK	Innkaup ársins í 11% þrepi án VSK
1. Heildarfjárhæð án þess VSK sem dreginn hefur verið frá sem innskattur		
2. Áður frádraginn innskattur	+	+
3. Heildarfjárhæð með virðisaukaskatti	=	=
4. Virðisaukaskattur	(19,35%)	(9,91%)
5. Hlutfall skattskyldrar starfsemi af heildarveltu (B/A)	<b>C</b>	<b>C</b>
6. Innskattur (lína 4 x lína 5)	= <b>F</b>	= <b>G</b>

Samtals innskattur ársins (E + F + G)	
Áður fenginn innskattur af tímabilum 1–5 (án byggingarframkvæmda)	–
Mismunur (innskattur fyrir tímabilið nóvember – desember)	= <b>H</b>

**IV Innskattur vegna byggingarframkvæmda**

Innskattur til frádráttar á árinu vegna byggingarframkvæmda	
Áður fenginn innskattur vegna byggingarframkvæmda (á tímabilum 1-5)	–
Innskattur vegna byggingarframkvæmda færður á skýrslu nóvember – desember	= <b>I</b>

**V Innskattur vegna tímabilsins nóvember – desember**

Innskattur færður á virðisaukaskattsskýrslu vegna tímabilsins nóvember – desember (H + I)	
---	--

Undirritaður staðfestir að ofangreindar upplýsingar eru gefnar eftir bestu vitund og að þær eru í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Dagsetning

Undirskrift

# Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðsins

Afstemmingarblað þetta skulu þeir sem eru í blandaðri starfsemi, þ.e. stunda bæði virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, nota við uppgjör virðisaukaskatts á síðasta tímabili ársins, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, með síðari breytingum. Eyðublað þetta **RSK 10.27 (Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi)** skal senda með skattframtali 2023 (vegna rekstrar 2022).

## I Rekstraraðili

Pennan hluta eyðublaðsins skal fylla út í samræmi við áritun á virðisaukaskattsskýrslu. Í reitinn „Atvinnugrein“ skal tilgreina aðalatvinnugrein starfseminnar skv. ISAT2008 staðlinum sem gildir frá 1. janúar 2008.

## II Skipting veltu

Í reit **A** skal færa heildarveltu fyrirtækisins án virðisaukaskatts. Sala á rekstrarfjármunum skal þó ekki meðtalin.

Í reit **B** skal færa sölu vegna skattskyldrar starfsemi, þ.e. skattskylda veltu án virðisaukaskatts (færð í reiti A og B á virðisaukaskattsskýrslu) og undanþegna veltu (færð í reit C á virðisaukaskattsskýrslu), en hér er átt við þau viðskipti sem falla undir 12. gr. laganna, s.s. útflutning. Sala á rekstrarfjármunum skal þó ekki meðtalin.

Í reit **C** skal færa hlutfall skattskyldrar starfsemi af heildarveltu. Það hlutfall skal síðan notað við ákvörðun á frádráttarbærum virðisaukaskatti (innskatti) þegar innkaup varða bæði skattskylda og óskattskylda hluta starfseminnar. Í reit 2021 skal tilgreina hlutfallið eins og það var árið 2021.

## III Skipting innskatts, annars en vegna byggingarframkvæmda

Í reit **D** skal færa þau innkaup ársins sem eingöngu eru vegna skattskyldrar starfsemi. Fjárhæðin skal vera án virðisaukaskatts.

Í reit **E** skal tilgreina þann innskatt sem hefur verið dreginn frá vegna innkaupa í reit **D**.

Næst fer fram sundurliðun á þeim innskatti sem kemur til frádráttar og varðar sameiginleg innkaup til starfseminnar.

Sundurliðun þessi er í tveimur hlutum (tveir dálkar):

**Innkaup ársins í 24% þrepi án VSK** (þ.e. þau innkaup sem bera 24% virðisaukaskatt og eru vegna sameiginlegra nota) og **innkaup ársins í 11% án VSK** (þ.e. þau innkaup sem bera 11% virðisaukaskatt og eru vegna sameiginlegra nota).

Í línu **1** skal færa heildarfjárhæð innkaupa ársins sem mynda rétt til innskatts án þess virðisaukaskatts sem dreginn hefur verið frá sem innskattur (í heildarfjárhæð þessari er sá hluti virðisaukaskatts, sem er vegna blönduðu starfseminnar, ekki frádráttarbær).

Í línu **2** skal tilgreina fjárhæð þess innskatts sem hefur verið frádrættur.

Í línu **3** skal leggja saman tölur úr línunum **1** og **2**. Þannig fæst heildarfjárhæð sameiginlegra innkaupa vegna sameiginlegra nota með virðisaukaskatti.

Í línu **4** skal afreikna virðisaukaskattinn af heildarfjárhæðinni í línu **3**. Þannig fæst heildarvirðisaukaskattur vegna sameiginlegra innkaupa ársins.

Í línu **5** skal færa hlutfall skattskyldrar starfsemi af heildarveltu. Hlutfall þetta er reiknað út í reit **C** í lið **II Skipting veltu** á eyðublaðinu.

Í línu **6** (reitir **F** og **G**) skal margfalda fjárhæð úr línu **4** með hlutfallinu úr línu **5**. Þannig fæst réttur frádráttarbær virðisaukaskattur (innskattur) vegna skattskylda hlutans.

Reitir **E**, **F** og **G** eru síðan lagðir saman og sá innskattur, sem til bráðabirgða hefur verið frádrættur á uppgjörstímabilum 1-5, er dreginn frá. Þá fæst sá innskattur sem koma skal til frádráttar á síðasta uppgjörstímabilinu með þeirri afstemmingu sem gerð hefur verið. Þessi fjárhæð er færð í reit **H**.

## IV Innskattur vegna byggingarframkvæmda

Hér undir fellur allur kostnaður vegna byggingarframkvæmda, þ.e. kostnaður vegna nýbyggingar, viðhalds og endurbóta.

Þeim kostnaði vegna byggingarframkvæmda sem ekki er hægt að heimfæra á einstakan byggingarhluta má, ef gæði húsnæðisins eru sambærileg, skipta eftir flatarmáli einstakra byggingarhluta. Það sama gildir um endurbætur, viðgerðir og viðhald ef framkvæmdir þessar varða ekki beinlínis ákveðinn hluta húsnæðisins.

Í reit **I** færast sá mismunur, sem fram kemur, þegar búið er að draga þann innskatt sem áður hefur fengist á árinu, þ.e. á tímabilum 1-5, frá þeim innskatti sem koma á til frádráttar vegna ársins.

## V Innskattur vegna tímabilsins nóvember-desember

Fjárhæðir úr reit **H** og **I** eru lagðar saman og þannig fæst innskattur fyrir tímabil 6 (nóvember-desember).